

104
25. okt.

Reglugjörð

um talning á eldsneyti o. fl. í Reykjavík.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, og eftir beiðni bæjarstjórnar Reykjavíkur, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Vegna ráðstöfunar á kolum, sem Reykjavíkurbær fær frá landsstjórninni samkvæmt lögum 29. f. m., um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar, er bæjarstjórn Reykjavíkur heimilað að láta nú fara fram, svo fljótt sem við verður komið, talning á eldsneyti einstakra manna í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Ennfremur heimilast bæjarstjórninni að láta um leið fara fram talning á birgðum einstakra manna, verslana og fjelaga í lögsagnarumdæminu af þeim matvælum, sem hætta er á að gangi að einhverju leyti til þurðar í bænum, að dómi matvælanefndar þeirrar, er skipuð er samkvæmt reglugjörð 26. apríl þ. á.

3. gr.

Húsráðendum, einstökum mönnum, forstöðumönnum verslana og fjelaga og öðrum hlutaðeigendum er skylt að gefa bæjarstjórninni sannar skýrslur um þær birgðir sínar, er getur í 1. og 2. gr. hjer á undan.

4. gr.

Bæjarstjórninni er heimilt, jafnframt talningu þeirri, sem greind er í 1. og 2. gr. reglugjörðar þessarar, að krefjast af húsráðendum og einstökum mönnum skýrslu um atriði, sem telja verður að hafi þýðingu fyrir ráðstöfun eldsneytis- og matvælabirgða þeirra, er bæjarstjórnin eða matvælanefndin ræður yfir til útlutunar meðal bæjarmanna, svo sem um tölu íbúðarherbergja, tölu eldstæða, tölu heimilisfólks, hve mörg ungbörn sjeu í heimilinu, venjuleg eldsneytisnotkun o. s. frv. Er hlutaðeigendum skylt að gefa bæjarstjórninni sanna skýrslu um þau atriði hjer að lútandi, er hún heimtar.

5. gr.

Bæjarstjórnin gjörir nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á ákvæðum reglugjörðar þessarar, og er henni heimilt að fela matvælanefnd bæjarins framkvæmdirnar að einhverju eða öllu leyti.

6. gr.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum frá 10 krónum til 1000 króna, nema önnur þyngri refsing liggi við að lögum.

104
25. okt.

7. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 25. október 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

105
1. nóv.

um heyforðabúr Bárðdælahrepps.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er, samhliða eftirliti með tryggum heyásetningi, að styrkja þá menn, sem í heyþröng komast, fyrir búpening sinn að vorlagi, með því að hafa til sölu eða útlána hey, sem sveitarstjórnin hefir umsjón með, og lætur úti eftir þeim fyrirmælum, sem þessi samþykkt setur.

2. gr.

Heyforðabúrið myndast á þann hátt, að hreppsnefndin semur við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heyi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, og svo af því heyi, sem sveitarstjórnin hefir þegar keypt (50 vættir) og skal hún leitast við að afla viðbótar eins fljótt og unt er, svo að hún hafi umráð á allt að 200 vættum af fullgildu heyi.

3. gr.

Sveitarstjórnin í Bárðdælahreppi sjer um forðabúrið eins og aðrar eignir hreppsins; hefir hún á hendi rekstur þess, umsjón alla og reikningshald. Allur kostnaður við forðabúrið, svo sem heyskapur, geymsla, umsjón og útlát legst á heyið, og kemur fram í verði þess. Árskostnaður við forðabúrið, sá er eigi greiddur af notendum þess, skal greiddur úr sveitarsjóði.